



Fréttabréf Fljótsdalshrepps

Sorp- unglingavinna- íbúafundur- veggirðingar

Sorggámar

Við vegamót Norðurdalsvegur eru staðsettir sorggámar fyrir járn, timbur, spilliefni og almennt sorp.

Íbúar geta sér að kostnaðarlausu komið með sorp og sett í gámana, en mikilvægt er að ganga vel um svæðið og passa upp á að setja sorpið í viðeigandi gáma.

Pá eiga íbúar sem standa í tiltekt á jörðum sínum kost á að fá gáma (fyrir timbur eða járn) heim til sín tímabundið.

Peir sem óska eftir að fá heim til sín gáma, hafi samband við oddvita á skrifstofu í Végarði, eða í síma 471 1810

Unglingavinna

Í sumar mun Fljótsdalshreppur starfrækja vinnuskóla fyrir unglinga á aldrinum 13-15 ára þ.e. eru fædd 1997 til 1999.

Vinna unglinganna verður af ýmsum toga s.s. umhirða lóða, málningarvinna, ruslatingla, tiltekt, göngustiga-gerð o.fl. sem talið er henta þessum aldurshópum að vinna við. Þá er gert ráð fyrir 1-2 fræðsludögum.

Foreldrar í sveitarfélaginu sem eiga börn á tilgreindum aldri, fá eftir páska sent bréf með nánari upplýsingum um vinnuna, ásamt umsóknareyðublaði.

Allar nánari upplýsingar eru veittar af oddvita.

Íbúafundur

Íbúafundur verður haldinn um miðjan aprilmánuð.

Á dagskrá verða sorpmál og kynnt breyting á sorphirðu, hvað varðar lífrænt heimilis-sorp.

Fjallað verður um orku-kostnað heimilishitunar í dreifbýli og kynntir möguleikar sem leitt geta til lækkunar kostnaðar og einnig kynntir styrkir sem veittir eru af ríkinu til orkusparandi aðgerða.

Viðhald veggirðinga

Ábúendur/landeigendur jarða þar sem veggirðingar eru og Vegagerðin greiðir viðhaldsfé til, eru minntir á að árlegu viðhaldi girðinga á að vera lokið fyrir 20. maí

Efni:

Sorggámar	1
Unglingavinna	1
Íbúafundur	1
Viðhaldsframlög veggirðinga	1
Auglýst eftir verkstjóra	1
Húsaleigubætur	1

A.TH.

- Umsóknir um styrki úr Verkefna-og rannasóknar sjóði þurfa að berast fyrir 12. apríl n.k.
- Framhaldsskólanemar 16-25 ára geta sótt um námsstyrk þegar vorönn lýkur.
- Íbúafundur í apríl verður nánar auglýstur þegar fyrir liggur fullbúin dagskrá og tímasetning
- Aðsetur Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs er að Lyngási 12, Egilsstöðum sími 470 0705

Verkstjórn unglingavinnu

Fljótsdalshreppur óskar eftir að ráða verkstjóra með ungl-ingavinnu.

Áætlað er að unglingavinnan verði starfrækt frá 18. júní til 26. júlí. Æskilegt er að verkstjóri geti lagt til bíl og létta kerru.

Oddviti veitir frekari upplýsingar um starfið og tekur við umsóknum.

Umsóknarfrestur um starfið er til föstudags 13. apríl

Húsaleigubætur

Leigjendur íbúðarhúsnæðis geta átt rétt á húsaleigubótum, þ.m.t. námsmenn og íbúar á sambýlum.

Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs, sem Fljótsdalshreppur er aðili að tekur á móti umsóknum um bætur.